

Úr starfi Betadeildar haustið 2011

Haustferð vetrarins var farin á Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi. Elín Sigurðardóttir forstöðumaður safnsins tók á móti okkur og fræddi okkur um sögu þess. Margt áhugavert er þarna að sjá þar á meðal **Halldórustofa** sem er deild innan safnsins. Hún er kennd við Halldóru Bjarnadóttur (1873-1981) sem var þjóðkunn kona og starfaði m.a. ötullega að félagsmálum kvenna og kynnti menningu þeirra. Ýmsar sýningar eru settar upp á safninu og að þessu sinni var yfirlitssýning á verkum veflistakonunnar Guðrúnar Vigfúsdóttur frá Ísafirði en hún er móðir Eyrúnar Ísfold Gísladóttur í Etadeild. Þarna dvöldu þrettán Betasystur við skemmtilega fræðslu og þökkum við Elínu fyrir góðar móttökur. Eftir heimsóknina á Heimilisiðnaðarsafnið var farið á veitingastaðinn „Potturinn“ og þar átti hópurninn góða kvöldstund við spjall um vetrarstarfið.

Næsti fundur var haldinn í Hrafnagilsskóla 26. september. Þetta var vinnufundur þar sem haldið var áfram að vinna úr hópvinnu frá febrúarfundi 2011. Eftir fundinn tók stjórnin saman hugmyndir sem unnið verður að á næstu mánuðum. Eygló og Þorgerður sögðu frá Evrópuþinginu í Baden Baden.

Októberfundurinn var haldinn í Lundarskóla. Þar var Ingibjörg Auðunsdóttir með erindi um birtingarmynd eineltis stúlkna en rannsóknir sýna að það birtist ekki eins og einelti drengja. Að erindinu loknu voru tveir nýir meðlimir teknir inn í deildina. Formaður tilkynnti fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi funda í vetur. Markmiðið með breytingunum er að virkja allar Betasystur meira með því að þær undirbúi og stjórni fundum að mestu fram á vor.



Sameiginlegur jólafundur Betadeildar og Mýdeildar var haldinn 30. nóvember í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Þarna voru samankomnar 36 konur sem skemmtu sér við spjall og jólasöng. Góður gestur Anett Blischke sagði frá jólum í Austur Þýskalandi

þar sem hún er alin upp. Hún studdist við myndir frá Þýskalandi og var frásögn hennar lifandi og skemmtileg. Orð til umhugsunar voru á sínum stað og ein af Mýsysturum spilaði á þverflautu. Við hlökkum til enn frekara samstarfs við Mýdeild.

Þorgerður Sigurðardóttir, formaður Betadeildar